

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði, nr. 506/1980, með síðari breytingu nr. 509/2022.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Sjóðstjórn má breyta skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Við breytingarnar skal taka mið af vilja stofnenda sjóðsins samkvæmt erfðaskrá þeirra. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

8. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Verði sjóðurinn óstarfhæfur skal stjórn fara þess á leit við sýslumanninn á Norðurlandi vestra að sjóðnum verði slitið eða hann sameinaður öðrum sjóði, stofnun eða félagasamtökum sem hafa sambærilegt markmið og sjóðurinn. Komi til slita skal eignum sjóðsins ráðstafað til vísindastarfsemi í samræmi við markmið hans.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 26. október 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.